

**VIÐAUKI
VIÐ ÚRSKURÐ
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 3/2020

Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar



30. ágúst 2023

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Miðvikudaginn 30. ágúst 2023 er tekið fyrir endurupptekið mál nr. 3/2020, Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon, Eiríkur Elís Þorláksson og Þorsteinn Magnússon.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendu.

(Ívar Pálsson lögmaður.)

Súðavíkurhreppur vegna almennings í Ísafirði.

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður.)

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

(Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður.)

2 MÁL NR. 3/2020 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 3/2020, Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar, var kveðinn upp 22. desember 2020. Málið var eitt af fjórum málum sem óbyggðanefnd hafði til meðferðar í Barðastrandarsýslum, þ.e. á svonefndu svæði 10C. Ágreiningssvæði málsins tók til Skálmardalsheiðar og hluta Þingmannaheiðar, upp af Kerlingafirði, Mjóafirði, Vattarfirði, Skálmarfirði og Kvígindisfirði. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hluti ágreiningssvæðisins væri þjóðlenda, þ.e. sá hluti þess sem afmarkast af vatnaskilum milli Vatnsfjarðar og Ísafjarðardjúps, vatnaskilum milli Vattarfjarðar og Ísafjarðardjúps og sýslumörkum milli Ísafjarðarsýslna og Barðastrandarsýslna.

Með bréfi dags. 5. febrúar 2021 var óskað eftir því f.h. Orkubús Vestfjarða að mál nr. 3/2020 á svæði 10C yrði endurupptekið á grundvelli 19. gr. a. þjóðlendulaga. Beiðnin var m.a. rökstudd með vísan til þess að Orkubú Vestfjarða teldi til réttar yfir „vatnakerfi því sem er afmarkað og hnitasett á Skálmardals- og Þingmannaheiði“ og þetta vatnakerfi tilheyrði vatnakerfi Súðavíkurhrepps miðað við vatnaskil á svæðinu. Samhliða var gerð krafa um viðurkenningu á réttindum Orkubús Vestfjarða á svæðinu og lögð fram gögn kröfunni til stuðnings.

Með bréfi dags. 10. febrúar 2021 sendi skrifstofa óbyggðanefndar endurupptökubeiðnina til þess lögmanns sem gætti hagsmuna íslenska ríkisins í máli nr. 3/2020 og gaf honum færi á að veita umsögn um hana fyrir hönd ríkisins. Með tölvupósti 24. febrúar 2021 tilkynnti lögmaðurinn að af hálfu ríkisins væru ekki gerðar athugasemdir við endurupptöku málsins hvað þetta varðaði. Væri þá m.a. litið til þess að sambærilegar og jafnvel tengdar kröfur yrðu til meðferðar á svæði 10B. Þá kom fram sú afstaða ríkisins að ef nefndin féllist á endurupptökubeiðnina færi best á því að fjalla um kröfur

samkvæmt henni samhliða meðferð sambærilegra krafna á svæði 10B. Fram kom að sá lögmaður sem gætti hagsmuna ríkisins á svæði 10B myndi gæta hagsmuna ríkisins í hinu endurupptekna máli, kæmi til endurupptöku.

Málið var tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar 15. mars 2021. Nefndin ákvað að endurupptaka málið að því er varðaði þann hluta ágreiningssvæðis þess sem úrskurðaður var þjóðlenda og ákvað jafnframt að meðferð þess skyldi fara fram samhliða meðferð mála á svæði 10B. Við ákvörðun um endurupptöku málsins var sérstaklega litið til þess að svæðið sem um ræðir væri innan vatnasviða sem tengdust svæði 10B en ekki svæði 10C, þó að það væri innan sýslumarka Barðastrandarsýslna miðað við fyrirliggjandi kort og hefði því upphaflega heyrt undir málsmeðferð á svæði 10C. Af þeirri ástæðu taldi nefndin að það yrði ekki metið Orkubúi Vestfjarða til vanrækslu að hafa ekki gert kröfuna áður, sbr. 19. gr. a þjóðlendulaga, þ.e. meðan mál á svæði 10C voru til meðferðar. Enn fremur var litið til þess að í ljósi þessa gætu gögn sem fram kæmu við gagnaöflun á svæði 10B eftir atvikum haft þýðingu við úrlausn um kröfu Orkubús Vestfjarða.

Við aðra fyrirtöku í máli nr. 5/2021 á svæði 10B var tilkynnt að meðferð endurupptekins hluta máls nr. 3/2020 færi fram samhliða meðferð máls nr. 5/2021, enda væru svæði málanna samliggjandi. Tilkynnt var að í málinu væri óbyggðanefnd skipuð Allan V. Magnússyni varaformanni, Þorsteini Magnússyni og Valgerði Sólnes. Með tölvupósti 10. ágúst 2021 var tilkynnt um þá breytingu á skipan nefndarinnar að Eiríkur Elís Þorláksson kæmi í stað Valgerðar Sólnes. Engar athugasemdir voru gerðar við skipan nefndarinnar eða breytingu á henni.

Við sameiginlega aðalmeðferð mála nr. 4–5/2021 5. október 2022 áréttaði sá lögmaður sem flutti málið vegna Orkubús Vestfjarða að krafa vegna almennings í Ísafirði næði líka til svæðis sem úrskurðað hefði verið þjóðlenda í máli nr. 3/2020 á svæði 10C en hefði verið endurupptekið og væri til umfjöllunar samhliða máli nr. 5/2021. Allar sömu röksemdir og málsástæður ættu við um það svæði. Við aðalmeðferðina sagði lögmaður Súðavíkurrepps aðspurður að afmörkun kröfusvæðis vegna almennings í Ísafirði yrði hugsanlega endurskoðuð með tilliti til þjóðlendu á aðliggjandi svæði í enduruppteknu máli nr. 3/2020, sbr. kröfu Orkubús Vestfjarða um vatnsréttindi. Með tölvupósti 23. apríl 2023 staðfesti lögmaður Súðavíkurrepps að krafa hreppsins vegna almennings í Ísafirði tæki einnig til þess hluta máls nr. 3/2020 sem hefði verið endurupptekinn og að sömu rök og fram hefðu komið í greinargerð og við aðalmeðferð máls nr. 5/2021 ættu við um umrætt svæði.

3 NIÐURSTAÐA

Til úrlausnar er annars vegar krafa Súðavíkurrepps um viðurkenningu beins eignarréttar að því landsvæði sem úrskurðað var þjóðlenda með úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020 og til vara krafa um viðurkenningu fullkomins og óskoraðs afnotaréttar,

og hins vegar krafa Orkubús Vestfjarða um viðurkenningu á eignarrétti að vatnsréttindum á sama landsvæði.

Í báðum tilvikum eru kröfur gagnaðila íslenska ríkisins byggðar á tilkalli þeirra til eignarréttinda á almenningi fyrrum Reykjarfjarðarhrepps í Ísafirði, sem er til umfjöllunar í máli nr. 5/2021, og er aðliggjandi ágreiningssvæði máls þessa. Líkt og fram hefur komið hafa lögmennt aðila lýst því yfir að sömu röksemdir og málsástæður eigi við um ágreiningssvæðið í þessu máli og áður nefnt ágreiningssvæði í máli nr. 5/2021. Með hliðsjón af því og í ljósi þess að meðferð endurupptekins hluta þessa máls fór fram samhliða meðferð máls nr. 5/2021 er um röksemdir fyrir niðurstöðu óbyggðanefndar í þessu máli vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 5/2021, sem kveðinn er upp samhliða úrskurði þessum. Einkum vísast til kafla 7.8 og 7.9 í umræddum úrskurði, en þau sjónarmið og röksemdir sem þar koma fram eiga jafnt við um ágreining aðila í máli þessu.

Að teknu tilliti til þess sem þar kemur fram er niðurstaða óbyggðanefndar að mörk þjóðlendu og eignarlanda, eins og þau voru ákvörðuð með úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020, skuli standa óbreytt en við bætist að landsvæði það sem úrskurðað var þjóðlenda er afréttur jarða í fyrrum Reykjarfjarðarhreppi, nú Súðavíkurbhreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Kröfum Orkubús Vestfjarða um viðurkenningu eignarréttar að vatnsréttindum á sama landsvæði er hafnað.

Nauðsynlegur kostnaður annarra en íslenska ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni greiðist úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Lögmennt gagnaðila íslenska ríkisins hafa sent óbyggðanefnd málskostnaðaryfirlit vegna vinnu þeirra við mál þetta og mál nr. 5/2021 sameiginlega. Þar sem málskostnaðaryfirlit lögmannna gagnaðila eru ekki sundurliðuð eftir málum hefur óbyggðanefnd ákvarðað málskostnað vegna hagsmunagæslu hvors aðila fyrir nefndinni vegna málanna tveggja í einu lagi. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í málunum. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í málunum, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang hvers ágreiningsmáls fyrir sig.

Málskostnaður var úrskurðaður á fundi óbyggðanefndar 2. mars 2023 og úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II við úrskurð í máli nr. 5/2021, sem kveðinn er upp samhliða úrskurði þessum.

4 ÚRSKURÐARORÐ

Mörk þjóðlendu og eignarlanda, eins og þau voru ákvörðuð með úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020, skulu standa óbreytt en við bætist að landsvæði það sem úrskurðað var þjóðlenda er afréttur jarða í fyrrum Reykjarfjarðarhreppi, nú Súðavíkurreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.


Allan Vagn Magnússon


Eiríkur Elís Þorláksson


Þorsteinn Magnússon

FYLGISKJAL: SKJALASKRÁ*

Lagt fram af Jónasi Aðalsteinssyni vegna Orkubús Vestfjarða:

13	Beiðni Orkubús Vestfjarða ohf. um endurupptöku máls um þjóðlendumörk í Barðastrandarsýslu, svæði 10C, dags. 5.2.2021, ásamt fylgiskjölum.
----	---

* Viðbót við fyrri skjalaskrá: fylgiskjal II með úrskurði í málinu uppkveðnum 22. desember 2020. Sjá einnig skjalaskrá í máli nr. 5/2021, fylgiskjal II með úrskurði í málinu sem kveðinn er upp samhliða úrskurði þessum.